



Framkvæmda- fréttir 20. tbl. /06



Í þessu blaði er auglýst útboð endurbyggingar Garðskagavegar um Sandgerði. Á þessi gatnamót Garðveggar og Strandgötu verður sett hringtorg. Sjá bls. 4.

Sjálfvirkt hraðaeftirlit á þjóðvegum með myndavélum

Umferðaröryggisáætlun stjórnvalda er hluti samgönguáætlunar. Sérstakur samráðshópur sér um að útfæra áætlunina og halda utan um framkvæmd hennar. Fulltrúi samgönguráðuneytisins er formaður hópsins en auk hans eiga fulltrúar Umferðarstofu, Vegagerðarinnar og Ríkislögreglustjóra sæti í hópnum.

Í framkvæmdaáætlun umferðaröryggisáætlunar fyrir tímabilið 2005-2008 er lögð mikil áhersla á að draga úr hraðakstri. Hefðbundið lögregluftirlit á þjóðvegum hefur verið aukið til muna en nú er verið að undirbúa aukningu sjálfvirkis hraðaeftirlits með myndavélum. Í marsmánuði fóru fulltrúar úr samráðshópnum til Noregs í heimsókn til vegagerðarinnar og lögreglunnar í þeim tilgangi að kynna sér hvernig sjálfvirku hraðaeftirliti er háttáð þar í landi. Í framhaldi af þeirri heimsókn var ákveðið að nota samskonar búnað við sjálfvirkt hraðaeftirlit hér á landi og Norðmenn nota. Vegagerðin mun koma til með að setja búnaðinn niður, sjá um viðhald hans og tryggja að gögn frá myndavélunum berist til lögreglu. Vegagerðin sér jafnframt um val á þeim stöðum þar sem kassarinnir verða settir og eru upplýsingar um slysastaði lagðar til

grundvallar. Verkfræðistofan Línuhönnun aðstoðar Vegagerðina í þessu verkefni. Í fyrsta áfanga er stefnt að því að setja hraðamyndavélar á Hringveg (1) á milli Hvalfjarðarganga og Borgarness.

Dagana 13. og 14. júní sl. komu þeir Per Engeset og Arve Nyborg frá norsku vegagerðinni í Lillestrøm í heimsókn til Vegagerðarinnar í tengslum við þetta verkefni. Þeir sátu fundi með fulltrúum frá Vegagerðinni, Umferðarstofu, Línuhönnun og Ríkislögreglustjóra en fóru jafnframt í skoðunarferð út í mörkina til að meta aðstæður á þeim stöðum sem valdir hafa verið. Í þeirri ferð var svæðisskrifstofa Vegagerðarinnar í Borgarnesi heimsótt. Einnig heimsóttu þeir verktakafyrirtækið Kurl ehf. sem setur nema í vegi fyrir Vegagerðina.

Þrjár deildir Vegagerðarinnar taka þátt í þessu verkefni þ.e. umferðardeild, þjónustudeild og upplýsingatæknideild. Næstu skref eru þau að búnaðinum verður komið fyrir á einum stað og tryggt að hann virki eins og til er ætlast áður en lengra verður haldið. Þeir Per Engeset og Arve Nyborg munu koma aftur fljótlega og aðstoða við niðurstöðinguna.

Heimild: www.vegagerdin.is

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 20. tbl. 14. árg. nr. 441 26. júní 2006

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Sigursteinn Hjartarson
deildarstjóri
viðhaldsstjórnunar vega
skrifar

Myndir úr kynningarbæklingi Savalco.


Viðgerðartæki Savalco SR 800 (Road Repair Patcher)

Tæki til viðgerða á holum og rifum mun fara um landið næsta einn og hálfan mánuð. Viðgerðartæki þetta kom til Seyðisfjarðar með Norrænu þann 8. júní og er því ætlað að fara hringinn þaðan, suður og vestur um og á Vestfirði. Þaðan áfram austur um Norður- og Austurland að Seyðisfirði. Þar á það að vera um mánaðamót júlí/ágúst til útskipunar.


Tækið er byggt á bíl, Volvo FL6 en er sjálft nefnt Savalco SR 800. Það tekur 800 lítra af bindiefni og tilsvarendi magn af steinefni. Afköstin fara að verulegu leyti eftir því hve langt er milli viðgerðarstaða. Reikna má með að afköst séu yfirleitt ein tankfylli yfir daginn.

Með rananum sem svífur rétt yfir holunni eða rifunni sem gera á við er allt verkið unnið. Blásið er upp úr skemmdinni og síðan er holan fyllt upp með bindiefni og steinefni. Þegar skemmdin hefur verið fyllt í rétta hæð er verkinu lokið og bílnum ekið að næstu skemmd.


Tækið getur notað hvortveggja, bikþeytu sem er hið venjulega efni til þessara viðgerða og þunnbik sem er klæðingarefni Vegagerðarinnar og fánlegt í áhaldahúsum Vegagerðarinnar um allt land. Steinefni þarf að vera flokkað efni 2-5 mm eða 5-8 mm. Efnið þarf að hafa góða viðloðun til að tryggja árangur. Mikið fínefni stíflar fljótlega slöngurnar og auk þess verður árangurinn ekki sá sem að




Fínefni og lífrænn úrgangur er hreinsaður úr holunni með blæstri.



Barmar holunnar eru þaktir með bindiefni (tack coat). Einnig 5 cm rönd á slitlaginu umhverfis holuna. Ef gamalt bundið slitlag er í botni holunnar skal einnig þekja það með bindiefni.



Holan er fyllt með blöndu af steinefni og bindiefni.



Yfir viðgerðina er stráð hreinu steinefni sem ver hana á meðan bindiefnið er að stífna.

er stefnt. Ryk í flokkuðu efni getur virkað eins og sement innan í rörum og slöngum svo hreinleiki er mikið atriði.

Þetta verk er unnið til að kanna hvernig tækið hentar við okkar aðstæður. Bílstjórinn stjórnar öllum aðgerðum úr bílstjórasetinu og tekur viðgerð hvernar holu eða rifu aðeins skamma stund. Hugmynd þeirra sem standa að verkinu er að svona tæki geti leyst núverandi viðgerðarkerrur af hólmi eða að minnsta kosti dregið verulega úr notkun þeirra.

Þeir sem hafa áhuga geta fylgst með ferðum tækisins. Áætlað er að tækið verði á ferðinni eins og taflan hér til hægri sýnir.

Austurland	09. júní til 15. júní
Suðurland	16. júní - 21. júní
Reykjanes	27. júní - 29. júní
Vesturland	30. júní - 06. júlí
Vestfirðir	07. júlí - 13. júlí
Norðurland vestra	18. júlí - 24. júlí
Norðurland eystra	25. júlí - 28. júlí
Austurland	31. júlí - 01. júlí

Fréttatilkynning frá samgönguráðuneyti

Starfshópur leggur til að ferjuhöfn verði gerð í Bakkafjöru

Starfshópur sem Sturla Böðvarsson samgönguráðherra skipaði í maí 2004 til að fjalla um samgöngur við Vestmannaeyjar leggur til í lokaskýrslu sinni að skoðuð verði nánar sú lausn að byggja ferjuhöfn í Bakkafjöru. Jafnframt eru lagðar til nokkrar frekari athuganir áður en yfirvöld taka ákvörðun.

Starfshópnum var falið að meta fimm kosti:

- Núverandi stöðu þar sem Herjólfur og flugsamgöngur yrðu meginstöðir.
- Endurnýjun Herjólfss.
- Ný ferjuhöfn á Bakkafjöru og viðeigandi skip í stað Herjólfss.
- Jarðgöng milli lands og Eyja.
- Efling flugsamgangna.

Auknar kröfur hafa komið fram á síðustu árum um að bæta samgöngur við Vestmannaeyjar. Þrátt fyrir reglulegt áætlunarflug og að ferðum Herjólfss hafi verið fjölgað næst ekki í öllum tilvikum að fullnægja flutningaþörf og áfram standa kröfur um meiri þjónustu og styttingu ferðatíma milli lands og Eyja. Til að ná þessu markmiði telur nefndin tvo kosti vænlegasta, annars vegar að byggja ferjulægi í Bakkafjöru og fá viðeigandi ferju til siglinganna og hins vegar að fá nýjan og hraðskreiðari Herjólf til áframhaldandi siglinga milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

Núverandi ferðatími milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur er þrjár klst. og 30 mínútur, siglingin tekur tvær klst. og 45 mínútur og akstur 45 mínútur. Með ferjusiglingu í Bakkafjöru myndi ferðatíminn stytta um eina klst. og 15 mínútur, siglingin tæki 30 mínútur og akstur um eina klst. og 45 mínútur. Verði Herjólfur endurnýjaður eða nýr Herjólfur fenginn myndi ferðatíminn í heild stytta um 35 mínútur.

Í skýrslu starfshópsins segir um jarðgöng að þótt tæknilega sé mögulegt að grafa göng milli lands og Eyja séu jarðfræðilegar aðstæður mjög erfiðar. Raunhæfar kostnaðartölur um slíka veltengingu séu á bilinu 40 til 70 milljarðar króna miðað við athuganir sem gerðar hafa verið.


Um áætlunarflugið er vísað í umfjöllun fyrri starfshóps og talið að þar sem fluginu sé sinnt á markaðsforsendum séu ekki efni til að beita opinberum ráðstöfunum til að lækka fargjöld eða efna til útboðs samkvæmt reglum Evrópska efnahags-svæðisins.

Að öllu samanlögðu er það álit starfshópsins að sú lausn verði könnuð nánar að byggja ferjuhöfn í Bakkafjöru. Lagt er til að ráðist verði í eftirfarandi athuganir áður en samgönguyfirvöld taka ákvörðun:

1. Siglingastofnun verði falið að ljúka nauðsynlegum frumrannsóknnum á Bakkafjöru og að þar til bærir erlendir aðilar verði fengnir til að fara yfir niðurstöðurnar.
2. Fram fari áhættumat á siglingum milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru.
3. Fram fari þarfagreining á nýrri ferju sem sigla myndi milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru til að tryggja að hún anní flutningaþörfinni.
4. Kannað verði hvort hagkvæmt sé að byggja stærri höfn í Bakkafjöru en Siglingastofnun hefur gert ráð fyrir.
5. Metin verði áhrif Bakkafjöruhafnar á þróun byggðar í Vestmannaeyjum og byggðar í landi.

Starfshópurinn telur að verulegar umbætur geti orðið með tilkomu ferjuhafnar í Bakkafjöru og að styttri ferðatími gæti haft í för með sér nýja möguleika í samvinnu sveitarfélaga, fleiri atvinnutækifæri þar sem atvinnusvæði tengjast, aukin viðskipti og fleiri sóknarfæri í ferðaþjónustu.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra mun á næstunni kynna í ríkisstjórn skýrslu nefndarinnar og tillögur sínar um næstu skref.



Tillaga að skipulagi ferjuhafnar í Bakkafjöru.

Garðskagavegur (45) um Sandgerði

05 - 038

Vegagerðin og Sandgerðisbær óska eftir tilboðum í endurbýggingu Garðskagavegar (Strandgötu) í Sandgerði, á 380 m kafla milli Austurgötu og Vitatorgs. Í verkinu felst: upprif á hluta af núverandi slitlagi, yfirlögn malbiks, hellulögn gangstéttu og endunýjun allra lagna.

Helstu magntölur eru:

Skeringar í laus jarðlög	2.000 m ³
Fylling og burðarlög	1.900 m ³
Kantsteinn	1.000 m
Hellulögn	1.600 m ²
Malbik	6.700 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. desember 2006..

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 26. júní 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl 14:00, þriðjudaginn 11. júlí 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Hér er auglýst útboð endurbýggingar Garðskagavegar um Sandgerði. Loftmyndin sýnir útboðssvæðið.







Framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar í júní 2006.



Stór grjótnáma er nú notkun við vegamót Grindavíkurvegjar og Reykjanesbrautar. Þar er unnið efni vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar.



Guðmundur Ingi Waage
eftirlitsmaður á
Norðvestursvæði
skrifar

Nýr fræsari Borgarverks

Borgarverk ehf. í Borgarnesi hefur tekið í notkun nýjan mjög fullkominn fræsara til festunar á vegum. Segja má að þetta sé fjórða kynslóð fræsara hjá Borgarverki en þeir byrjuðu að festa hér 1991 og þá með leigutæki í umsjá norskra aðila frá Vejdekke. Í framhaldi keypti Borgarverk samskonar fræsara og Norðmenn voru með.

Síðan hafa miklar framfarir orðið á tæknibúnaði þessara tækja og er nýi fræsarinn búinn fullkomnum tölvubúnaði. Þannig er hægt að stjórna vinnslu að öllu leiti með stjórnborði þar sem stillt er inn festunardýpi, magn af biki, hraði tækis, vatnsinnsprautun, halli fræsitromlu o.fl.

Vinnsla fer þannig fram að vegur er fræstur upp yfirleitt 15 - 20 sm. Við fræsingu losnar efni í yfirborði vegar í sundur og slitlag, sem er yfirleitt klæðing, mylst saman við annað efni. Tækið mylur einnig stærri steina. Vegur er svo jafnaður með hefli sem búinn er tölvubúnaði. Yfirborð er svo valtað. Loks er efnið fræst upp á nýjan leik, þá yfirleitt á bilinu



10 - 15 sm, og nú blandað í það annað hvort froðubiki eða bikþeytu. Meira hefur verið notað hér af froðubiki en bikþeytu. Froðubik verður þannig til að bik er hitað í 180 - 190 gráður. Þetta heita bik er leitt með barka í fræsara sem blandar í það 1 - 3% vatni og við það freyðir bikið og eykur rúmmál sitt 12 - 20 falt. Þessu biki er svo blandað í mól í fræsaratromlu. Efnið er svo lagt út, jafnað með hefli og síðan valtað þannig að bik límur efni saman í efsta lag vegar. Yfir þetta kemur síðan bundið slitlag sem er annað hvort malbik eða klæðing.



Nýr fræsari tekinn í notkun á Akrafjallsvegi.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
06-048 Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði	06
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	06
06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Hella	06
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	06
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	06
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvvegur	06
06-026 Skagafjarðarvegur (752), slítlagsendi - Lýtingsstaðir	06
06-024 Djúpvvegur (61), Reykjanes - Hörtná	06
06-025 Hólavegur (767), Hólar - Hólalax	06
06-023 Auðkúluvegur (726) og Blöndudalsvegur (733)	06
06-022 Uxahryggjavegur (52) um Tröllháls	06
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	06
06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufa	06
06-011 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði	06
06-010 Mólburður og styrkingar Norðaustursvæði	06
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	06
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	06
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	06
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	06
05-047 Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2	06

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
06-033 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði, vesturhluti, 2006-2007	26.06.06	11.07.06
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	26.06.06	11.07.06
06-020 Heggstaðanesvegur (702), Bessastaðir - Sandar	19.06.06	04.07.06
06-018 Víðidalssvegur (715), Hrappsstaðavegur - Dæli	12.06.06	27.06.06
06-060 Kjalvegur 2006	12.06.06	27.06.06
06-057 Þverárþjónustavegur (744), brú á Gönguskarðsá	06.06.06	27.06.06

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
06-059 Vetrarþjónusta, uppsveitir Árnassýslu, 2006-2009	29.05.06	13.06.06
06-061 Yfirlagnir á Suðursvæði 2006, malbik	29.05.06	13.06.06
06-032 Yfirlagnir Norðvestursvæði, malbik, Hringvegur (1) í Leirársveit	29.05.06	13.06.06
06-056 Vestfjarðavegur (60), Arnarfjörður - Dýrafjörður, borun rannsóknarhola	22.05.06	13.06.06
06-055 Vetrarþjónusta, Guðlaugsvík - Hólmavík - Reykjanes, 2006-2009	22.05.06	06.06.06
06-034 Efnisvinnsla Norðvestursvæði, norðurhluti, 2006-2007	22.05.06	06.06.06
06-014 Snæfellsnesvegur (54) um Gríshólsá	22.05.06	06.06.06
06-003 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	22.05.06	06.06.06

Útboð á samningaborði frh.	Auglýst:	Opnað:
06-054 Hringvegur (1), Ullarnesbrekka, undirgöng	15.05.06	30.05.06
04-072 Garðskagavegur (45) um Stafnes og Ósabatna	15.05.06	30.05.06
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	15.05.06	30.05.06
06-050 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, hönnun	15.05.06	30.05.06
06-051 Hringvegur (1) – Hafravatnsvegur (431), stefnugreind gatnamót	15.05.06	30.05.06
06-019 Melasveitarvegur (505) um Súlunes	15.05.06	30.05.06
06-016 Þverárþjónustavegur (744), Skagavegur - Sauðárkrúkur, 1. áfangi	15.05.06	30.05.06
06-037 Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009	15.05.06	30.05.06
06-040 Vetrarþjónusta, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri, 2006-2009	15.05.06	30.05.06
05-064 Hringvegur (1), mismög gatnamót við Nesbraut, eftirlit	20.02.06	07.03.06
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
06-053 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2006, „repave“ Loftorka Reykjavík ehf.	23.05.06	14.06.06
06-052 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2006, malbik Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.	23.05.06	20.06.06
06-044 Vetrarþjónusta, Mýrar og Norðurárdalur 2006-2009 Velverk ehf.	02.05.06	16.06.06
06-043 Vetrarþjónusta, Brattabrekka 2006-2009 Velverk ehf.	02.05.06	16.06.06
04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði Héraðsverk ehf.	25.04.06	15.06.06

Auglýsingar útboða

Efnisvinnsla Norðvestursvæði, vesturhluti, 2006 - 2007 06-033

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vinnslu steinefna í malarslitlag á Norðvestursvæði, vesturhluta, árin 2006 og 2007.

Helstu magntölur eru:

Árið 2006 malarslitlag. 36.000 m³

Árið 2007 malarslitlag. 30.000 m³

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 26. júní 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 11. júlí 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.